

Skýrsla um innra mat



Brúarskóli

2019-2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um Brúarskóla	2
Innra mat í Brúarskóla	2
Niðurstöður innra mats	3
Kennsluhættir og gæði kennslu	3
Samstarf við heimaskóla nemenda	4
Ráðgjöf við almenna skóla	5
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	8
Stjórnun skólans	9
Skólaþróun og starfsþróun	9
Skólanámskrá og starfsáætlun	10
Velferð og líðan nemenda	10
Samstarf heimila og skóla	11
Samantekt	13
Kennsluhættir og gæði kennslu	13
Samstarf við heimaskóla nemenda	13
Ráðgjöf við almenna skóla	13
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	13
Stjórnun skólans	14
Skólaþróun og starfsþróun	14
Skólanámskrá og starfsáætlun	14
Velferð og líðan nemenda	14
Samstarf heimila og skóla	15
Umbótaáætlun 2018-2020	15
Heimildir	16
Gögn	16

Inngangur

Um Brúarskóla

Brúarskóli er annar af tveimur sérskólum í Reykjavík. Hann var stofnaður árið 2003 og er ætlaður fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan, hegðunarlegan eða félagslegan vanda að etja. Skólinn starfar á fimm stöðum í borginni. Í Vesturhlíð er pláss fyrir 24-27 nemendur hverju sinni, ásamt því að ráðgjafarsvið skólans er staðsett þar. Í Grafarholti og Grafarvogi eru starfræktir þátttökubekkir, Brúarsel og Brúarhús, í samstarfi við Ingunnarskóla annars vegar og Húsaskóla hins vegar. Þátttökubekkirnir eru ætlaðir nemendum á miðstigi úr þessum hverfum og er pláss fyrir 4-6 nemendur í hvorum bekk. Á Dalbraut fer fram sjúkrakennsla fyrir nemendur sem eru á Barna- og unglingageðdeild og á Stuðlum er einnig sjúkrakennsla fyrir þá nemendur á grunnskólaaldri sem þar eru. Í Brúarskóla eru um 50 starfsmenn og eru kynjahlutföll í starfsmannahópnum jöfn.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og markmiðið „að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans efldur til áframhaldandi starfs með honum.“ (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir, 2012, bls. 28).

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem veitir starfsmönnum almennra skóla ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Í ráðgjafarteyminu starfa deildarstjóri, sálfræðingur og kennari.

Einkunnarorð Brúarskóla eru jákvæðni, virðing og ábyrgð og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Innra mat í Brúarskóla

Grunnskólum ber, skv. 35. og 36. greinum gildandi laga um grunnskóla, að gera innra mat á starfsemi skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Markmið með matinu eru að upplýsa um starfsemi skólans og tryggja gæði og framþróun skólastarfsins.

Í Brúarskóla starfar matsteymi sem leitt er af stjórnendum skólans. Teymið vinnur samkvæmt áætlun um innra mat sem nánar er fjallað um í skólanámskrá.

Vegna sérstöðu skólans eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á sjálfsmatið og framsetningu niðurstaðna. Má þar helst nefna fæð nemenda og í hversu stuttan tíma þeir stunda nám við skólann. Ekki er unnt að birta nákvæmar niðurstöður varðandi nám nemenda og ekki er hægt að gera endurtekið mat á árangri í námi vegna þess hve stutt nemendur stoppa við. Auk þess er foreldrasamstarf ekki með hefðbundnum hætti vegna stuttrar skólavistar nemenda.

Niðurstöður innra mats

Skólaárið 2019-2020 var áhersla í innra mati lögð á eftirfarandi þætti: Kennsluhættir og gæði kennslu; samstarf við heimaskóla nemenda; ráðgjöf við almenna skóla; starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað; stjórnun skólans; skólaþróun og starfsþróun; skólanámskrá og starfsáætlun; velferð og líðan nemenda og samstarf heimila og skóla. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr matinu.


Kennsluhættir og gæði kennslu

Í aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) segir að í kennslu eigi að „ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins“ (bls. 48). Rík áhersla er lögð á að nám og kennsla taki mið af þörfum hvers nemanda og stuðli að auknum áhuga og virkni nemenda.

Í matsáætlun Brúarskóla voru þau viðmið sett að fjölbreyttar aðferðir séu nýttar við skólann og umhverfi skólans nýtt við kennsluna. Að kennsluaðferðir séu einstaklingsmiðaðar út frá þörfum og áhuga hvers nemanda, að viðeigandi kennslugögn séu til staðar og kennslan hefjist tímanlega og kennslutíminn sé vel nýttur.

Kennarar Brúarskóla svöruðu spurningakönnun í maí 2020, um kennsluhætti sína og skipulag kennslunnar. Niðurstöður könnunarinnar sýna að um 83% kennara skólans telja sig nota fjölbreyttar aðferðir við kennslu alltaf (57%) eða oft (26%), en um 17% sögðust gera það sjaldan. Dæmi um fjölbreyttar aðferðir sem nefndar voru eru útikennsla, þemaverkefni, verkefni að frumkvæði nemenda, gagnvirk verkefni, samvinna nemenda, frjáls sköpun, spil og leikir, hópavinna, lausnaleit, hlið-við-hlið (kennari og nemandi leysa sama verkefni samtímis), vinnubókarvinna og samþætting námsgreina.

Ég nota fjölbreyttar aðferðir við kennsluna
23 svör



Meirihluti kennara (78%) sögðust nota einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir, þar sem mið væri tekið af þörfum og áhuga nemenda, alltaf eða oft og 22% sagðist stundum nota einstaklingsmiðaðar aðferðir.

Hvað undirbúning kennslunnar varðar sögðust allir kennarar vera vel undirbúnir fyrir kennsluna og hafa viðeigandi gögn tilbúin, alltaf (52%) eða oftast (48%). Kennararnir sögðu jafnframt að kennslustundir hæfust tímanlega og væru vel nýttar, alltaf (39%) eða oftast (61%).

Samstarf við heimaskóla nemenda

Brúarskóli er tímabundið úrræði og almennt stefnt að því að nemendur snúi aftur í sína heimaskóla. Mikilvægt er að heimaskóli fylgist með gengi nemanda síns í Brúarskóla til þess að auðvelda aðlögun nemanda aftur í skólann sinn. Til þess þarf upplýsingaflæði og samstarf á milli skólanna að vera gott.

Samskipti kennara Brúarskóla við heimaskóla nemenda hafa ekki verið í föstum skorðum, að öðru leyti en því að fulltrúar heimaskóla koma á reglulega teymisfundum sem haldnir eru á um þriggja til fjögurra mánaða fresti á meðan á skólavist í Brúarskóla stendur.

Umsjónarkennarar Brúarskóla svöruðu spurningakönnun í maí 2020 þar sem spurt var út í samskipti þeirra við heimaskóla nemenda, til þess að fá mynd að því hvernig þessum samskiptum er háttað. Auk þess var óskað eftir skoðun umsjónarkennara á því hvernig þeir telja æskilegt að samskiptin séu. Niðurstöður könnunarinnar sýna að aðeins um 13% umsjónarkennara í Brúarskóla eru í reglulegum samskiptum við heimaskóla allra umsjónarnemenda sinna. Helmingur kennaranna sögðust vera í reglulegum samskiptum vegna sumra nemenda en um 38% sögðust ekki vera í reglulegum samskiptum við heimaskóla umsjónarnemenda sinna. Svör kennaranna um hvernig samskiptin fara fram og hversu regluleg þau eru sýna að algengast er að þau fari fram í gegnum tölvupóst og gjarnan í tengslum við heimsóknir nemenda í heimaskóla (þátttaka og aðlögun). Einn nefndi að samskiptin væru um það bil mánaðarleg, annar að þau væru eftir þörfum.


Þá var spurt út í upplifun kennaranna af viðmóti skólanna, annars vegar gagnvart þeim sjálfum/samskiptunum og hins vegar gagnvart nemendum. Fjórðungur kennaranna upplifði jákvætt viðmót gagnvart sér og samskiptunum, önnur 25% upplifðu að viðmótið væri hlutlaust og 12,5% upplifðu neikvætt viðmót hjá heimaskólunum gagnvart sér og samskiptunum. 25% sögðu að það væri mismunandi eftir skólum hvernig viðmót þeir upplifðu. Hvað viðmót gagnvart nemendum varðar upplifði fjórðungur umsjónarkennaranna jákvætt viðmót en 37,5% að það væri mismunandi eftir skólum. 12,5% upplifði hlutlaust viðmót en líkt og með viðmót gagnvart samskiptunum upplifðu 12,5% umsjónarkennaranna neikvætt viðmót hjá heimaskólunum gagnvart nemendum.

Aðspurðir um hvernig þeim finnst að samskipti umsjónarkennara við heimaskóla ættu að vera sögðu kennararnir að samskiptin þyrftu að vera tíðari en nú er, þau þyrftu að vera opin og flæði gott. Mikilvægt væri að halda góðri tengingu við umsjónarkennara nemanda í heimaskóla, til dæmis með vikulegum tölvupósti og heimsóknum þeirra í Brúarskóla.

Ráðgjöf við almenna skóla

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem hefur það hlutverk að veita starfsfólki í almennum skólum ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Skólaárið 2019-2020 fengu þrettán skólar ráðgjöf vegna fimmtán nemenda. Þeim skólum þar sem ráðgjöf var lokið var send viðhorfskönnun til þess að meta árangur ráðgjafarinnar. Könnunin var send sjö skólum og alls svöruðu fimm (71%) skólar könnuninni.

Könnunin sneri að því hvernig starfsmenn upplifðu að ráðgjöfin hefði nýst þeim í starfinu, hvað nýttist best og hvað betur mætti fara. Í matsáætlun Brúarskóla var það viðmið sett að 90% þeirra skóla sem hafa fengið ráðgjöf frá Brúarskóla væru ánægðir með ráðgjöfina.



Mynd 1. Hversu ánægð/óánægð eruð þið með ráðgjöf frá Brúarskóla?

Eins og sjá má á mynd 1, voru flestir skóla mjög (40%) eða frekar (60%) ánægðir með ráðgjöf frá Brúarskóla.




Mynd 2. Bar ráðgjöfin mikinn/lítinn árangur í starfi ykkar?

Þegar spurt var um hvort að ráðgjöfin hafi borið árangur í starfi (sjá mynd 2), þá svaraði helmingur skólanna að hún hafi borið mjög eða frekar mikinn árangur (40%). Sama hlutfall skóla svaraði að ráðgjöfin hafi hvorki borið mikinn né lítinn árangur og 20% skóla svaraði að hún hefði borið frekar lítinn árangur.


Þeir skólar sem svöruðu könnuninni, voru beðnir að svara því hvað hefði mátt betur fara í ráðgjöf til þeirra skóla. Bent var á að árangur hjá einum skóla sneri meira að meðhöndlun

fagaðila hjá þeim heldur en gæði ráðgjafar, auk þess sem einn skóli nefndi tímabáttinn, en þá ekki sem eiginlegt vandamál ráðgjafar Brúarskóla heldur sem hluta af vanda skóla að bið eftir ólíkum úrræðum borgarinnar, þ.e. á hvaða tímamarki er óskað eftir aðkomu um ráðgjöf frá Brúarskóla. Loks var einn skóli sem sagðist hafa fengið það sem hann þurfti í ráðgjöf.



Mynd 3. Tími sem ráðgjafar voru í vettvangsathugun var:


Eins og sjá má á mynd 3, fannst flestum skólum (80%) sá tími sem ráðgjafar Brúarskóla voru inni í skólanum í vettvangsathugunum vera hæfilega mikill. Þá svaraði einn skóli (20%) að tími í vettvangsathugun hafi verið of lítill.




Mynd 4. Hversu gagnlegir/ógagnlegir voru fundir starfsmanna með ráðgjöfunum frá Brúarskóla?

Mynd 4 sýnir svör skóla við því hversu gagnlegir eða ógagnlegir þeim fannst fundir með ráðgjöfum frá Brúarskóla hafa verið. Allir skólar töldu fundina hafa verið frekar (80%) eða mjög (20%) gagnlega.

Í ljósi aðstæðna sem komu upp á vorönn vegna Covid-19, var spurt um það hvaða fundarform myndi henta skólum með ráðgjöfum frá Brúarskóla. Flestir (80%) myndu vilja fund þar sem þeir hitta ráðgjafa í persónu en einn skóli myndi kjósa fjarfund með tölvu (20%). Enginn skóli svaraði að þeir myndu kjósa símafund. Niðurstöður má sjá á mynd 5.




Mynd 5. Hvaða fundarform myndi henta ykkur best með ráðgjöfum frá Brúarskóla?



Mynd 6. Hversu ánægð/óánægð eruð þið með eftirfylgni í kjölfar ráðgjafar frá Brúarskóla?

Á mynd 6 má sjá niðurstöðum könnunar þegar spurt var um ánægju með eftirfylgd í kjölfar ráðgjafar. Allir skólar voru ýmis mjög (50%) eða frekar (50%) ánægðir með eftirfylgd í kjölfar ráðgjafar. Einnig var spurt um á hvaða formi skólar myndu vilja sjá eftirfylgni ráðgjafa frá Brúarskóla. Flestir skólar (60%) myndu vilja eftirfylgd í formi vettvangsathugana og aðrir (40%) myndu kjósa símtal eða tölvupóst. Niðurstöður má sjá á mynd 7.



Mynd 7. Á hvaða formi mynduð þið vilja sjá eftirfylgni ráðgjafa frá Brúarskóla?

Spurt var hvort þær tillögur sem ráðgjafar frá Brúarskóla lögðu til hefði nýst, og ef ekki, hvers vegna ekki. Tveir skólar svöruðu að tillögur hefðu nýst, í einum skólanum mjög vel og þau náð að halda betur um nemandann og í hinum studdu þær vel við störf skólans. Tveir skólar töldu

tillögurnar bæði hafa nýst og ekki, einn skóli hafi verið búin að gera flest af því sem ráðgjafar ráðlögðu og hinn skólinn sagði sumt hafa nýst og annað ekki, eins og gengur. Einn skóli taldi ráðgjöfina sem slíka ekki hafa nýst í þeirra vinnu, heldur var hún staðfesting á þeim úrræðum sem búíð var að reyna eða voru í gangi. Þessi skóli benti á að það hefði skipt miklu máli að vita að þau væru á réttri leið í þeirra vinnu og tímabært væri að leita í sértækari úrræði.

Að lokum fengu skólar að nefna annað sem þeir vildu koma á framfæri. Þar var bent á að ráðgjafar frá Brúarskóla hafi brugðist fljótt við og ráðgjöfin hafi verið til fyrirmyndar. Einnig að mikilvægt væri að hafa einhvern til að leita til, þ.e. þar sem reynsla og þekking er til staðar. Loks var bent á að gott væri að geta leitað til starfsmanna sem hafa sérhæfingu í stuðningi við nemendur sem sýna hegðunarfrávik, mikilvægt að geta fengið inn ferskt sjónarhorn í málum sem starfsfólk hefur unnið í árum saman og að ráðgjöfin hafi nýst vel við að skoða næstu skref.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Það er hverjum vinnustað mikilvægt að starfsfólki líði vel og sé ánægt í vinnu. Í Brúarskóla er áhersla lögð á að halda upp góðum starfsanda og byggja upp jákvætt og styðjandi samfélag meðal starfsmanna. Skólinn er starfræktur á fimm stöðum, víðsvegar um Reykjavík, og því kapp lagt á að stuðla að samkennd og samvinnu í starfsmannahópnum. Reglulega eru haldnir starfsmannafundir þar sem allir starfsmenn skólans koma saman auk þess sem haldið er sameiginlega upp á afmæli starfsmanna þrisvar sinnum yfir veturinn. Þá er starfsmannafélag starfandi í skólanum sem stendur reglulega fyrir skemmtilegum uppákomum til þess að efla liðsandann. Aðgengi starfsmanna að stjórnendum er gott og starfsmönnum boðið upp á starfsmannasamtöl reglulega. Nýir starfsmenn fá mentor úr hópi reyndari starfsmanna við upphaf starfs og áhersla lögð á að þeir fái góða kynningu og stuðning í nýju starfi.

Í janúar-febrúar 2020 var viðhorfskönnun lögð fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Niðurstöðum könnunarinnar er skipt í fjóra yfirþætti en tveir þeirra falla undir þennan lið í innra mati Brúarskóla, þ.e. *starfsánægja* annars vegar og *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* hins vegar. Undir hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi flokkast þær spurningar er snúa að markmiði og árangri, upplýsingaflæði, móttöku nýliða, jafnrétti og jafnræði, ímynd, starfsanda, vinnuaðstöðu, sveigjanleika í starfi, starfsöryggi og hæfilegu vinnuálagi. Einkunnir eru gefnar á skalanum 1-5 þar sem 5 er hæsta og besta einkunnin. Einkunnir á bilinu 4-5 eru litaðar grænar og er það viðmiðið sem sett var í matsáætlun Brúarskóla, þ.e. að einkunnir þessara þátta væru grænar.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að *starfsánægja* í Brúarskóla fær einkunnina 4,29 og einkunn á þættinum *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* er 4,21. Báðir þættir fá því græna einkunn og hækka á milli kannana. Starfsánægja fékk einkunnina 4,07 í könnuninni árið 2019 og hækkar því um 0,22 en hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi hækkar um 0,14 úr 4,07.

Tveir þættir sem falla undir *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* fá gula einkunn (þ.e. á bilinu 3-4). Þeir þættir snúa að álagi í vinnu og vinnuaðstöðu. Það er sambærilegt niðurstöðum frá 2019 og því sem almennt virðist vera hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Einkunnir

Þessara þátta breyttust lítillega á milli ára. Vinnuaðstaða fékk einkunnina 3,78 en var 3,65 árið 2019 og hæfilegt vinnuálag lækkaði úr 3,64 árið 2019 í 3,61 í könnun þessa árs.

Stjórnun skólans

Stjórnendur gegna þýðingarmiklu hlutverki í skólastarfi. Ásamt því að bera ábyrgð á starfsemi skólans, daglegu skipulagi og veita faglega forystu í skólastarfinu þurfa stjórnendur að vera styðjandi og hvetjandi í samstarfi sínu við aðra starfsmenn skólans.

Í Brúarskóla starfa, auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fjórir deildarstjórar. Einn deildarstjóri í hvorum þáttökubekk, einn á Dalbraut við Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL) og einn í ráðgjafarteymi skólans. Hver stjórnandi hefur sínu hlutverki að gegna en saman mynda þeir stjórnendateymi sem starfar í náinni samvinnu. Með því að hafa stjórnanda á hverri starfsstöð skólans er gott aðgengi starfsmanna að stjórnendum tryggt.

Í viðhorfskönnun sem reglulega er lögð fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar er einn yfirþátturinn *árangursríkir stjórnunarhættir*. Undir hann flokkast þær spurningar sem snúa að frumkvæði, viðurkenningu, stjórnun, fræðslu og þjálfun. Þau viðmið voru sett í matsáætlun Brúarskóla að einkunn fyrir þennan þátt væri græn, (þ.e. á bilinu 4-5).

Niðurstöður könnunarinnar sýna að einkunn árangursríkra stjórnunarháttanna er 4,22, þ.e. græn einkunn, og hækkar úr 3,96 frá könnun ársins 2019. 67% starfsmanna segjast mjög sammála því að þeir beri traust til yfirmanns síns og 13% segjast frekar sammála því. 64% segjast vera mjög sammála því að þeir séu ánægðir með samskipti við yfirmann sinn og 18% segjast frekar sammála. 5% svarenda segjast vera ósammála þessum staðhæfingum. Rúm 60% starfsmanna segjast frekar eða mjög sammála því að þeir fái hvatningu frá yfirmanni sínum en um 20% segjast vera frekar eða mjög ósammála því. Flestir (76%) eru frekar eða mjög sammála að vinnustað þeirra sé vel stjórnað, en um 3% eru ósammála því. Þá eru um 15% starfsmanna mjög eða frekar ósammála því að yfirmaður þeirra leysi ágreiningsmál sem koma upp á starfsstaðnum. Rúmlega 70% telja þó að svo sé (mjög eða frekar sammála) og er það framför frá því árið áður (2019) þegar aðeins tæp 49% töldu að yfirmaður þeirra leysti ágreiningsmál sem upp koma.

Skólaþróun og starfsþróun

Mikilvægt er að skólastarf sé í stöðugri þróun og kallist á við þær breytingar sem verða í samfélaginu og þær tækninýjungar sem spretta sífellt fram. Í aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 63) segir að „[s]kólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Öll skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi“. Þá segir jafnframt í aðalnámskrá að sveitarfélögum sé ætlað að marka skólastefnu, mótaða að þeim áherslum sem þau vilja leggja og aðstæðum á hverjum stað.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hefur það markmið að „öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs“ (Reykjavík, 2018). Grunnþættir menntastefnunnar eru: félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði.

Í matsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 var gert ráð fyrir því að valdir þættir úr menntastefnu Reykjavíkur yrðu innleiddir í skólastarfið með markvissri teymisvinnu starfsmanna.

Starfsmenn unnu með grunnþætti menntastefnunnar, í hópum yfir skólaárið. Fyrst ræddu hóparnir um hvað við erum nú þegar að gera vel í hverjum grunnþætti og hvað er hægt að gera betur. Í framhaldinu forgangsroðuðu hóparnir áherslupáttum og lögðu drög að áætlun um innleiðingu þeirra þátta sem ákveðið var að leggja áherslu á fyrst um sinn.

Ekki vannst tími til að vinna lokaáætlun og hefja markvissa innleiðingu menntastefnunnar, en hópavinnan varpaði ljósi á að í Brúarskóla er nú þegar verið að vinna vel með ýmsa grunnþætti, s.s. félagsfærni, læsi og sjálfsefningu.

Skólanámskrá og starfsáætlun

Grunnskólum er ætlað að birta stefnu sína á tvo vegu. Annars vegar skulu þeir birta almenna stefnumörkun í skólanámskrá og hins vegar breytilegar upplýsingar í árlegri starfsáætlun. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir útfærslu skólans á lögum og reglugerðum, aðalnámskrá og menntastefnu viðkomandi sveitarfélags. Í starfsáætlun er aftur á móti gerð grein fyrir skóladagatali, starfsfólki, tilhögun kennslu, skólareglum og fleira í þeim dúr.

Starfsáætlun Brúarskóla fyrir skólaárið 2019-2020 lá fyrir í október 2019 og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Skólanámskrá Brúarskóla hefur verið í endurskoðun og vinnslu og er þeirri vinnu ekki lokið.

Velferð og líðan nemenda


Í öllu skólastarfi hlýtur velferð og líðan nemenda að vera mikilvægasti þátturinn. Nemendur sem koma í Brúarskóla hafa margir hverjir neikvæða upplifun af skóla og þeim getur reynst erfitt að koma í nýtt skólaumhverfi. Flestir nemendur hafa stutta viðvöl í Brúarskóla, oft um eitt skólaár. Því er mikilvægt að huga að líðan þeirra og markmiðið að byggja upp jákvæða upplifun af skólastarfi hjá þeim.

Brúarskóli er fámennur skóli og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans kjörið færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Starfsmenn leggja kapp á að hrósa nemendum þegar færi gefst og hvetja þá áfram í skólastarfinu.

Í maí 2020 var könnun lögð fyrir nemendur Brúarskóla í Vesturhlíð, Brúarseli og Brúarhúsum. 32 nemandi svaraði könnuninni. Þau viðmið voru sett í matsáætlun skólans að öllum

Í Brúarskóla get ég náð árangri með hegðun mína


32 svör



nemendum líði vel í skólanum. Markmið þessa þáttar er að nemendur upplifi sig örugga í skólanum, þeim líði vel og geti náð árangri.

Hvernig líður mér í skólanum

32 svör



Niðurstöður sýna að helmingur nemenda líður annaðhvort vel eða mjög vel í skólanum, 31% líður allt í lagi og 18,8 % líður annað hvort illa eða mjög illa í skólanum. 50% nemenda upplifa aldrei kvíða við að fara í skólann, 40,6 upplifa sjaldan kvíða yfir því að mæta í skólann en 9,4 % upplifir kvíða yfir að mæta í skólann.

75 % nemenda töldu að þeir gætu náð árangri í bættri hegðun í Brúarskóla og 74,2 % töldu sig geta náð árangri í námi í Brúarskóla. 93,5 % nemenda sögðust alltaf eða næstum alltaf fá hjálp í því sem þau þurftu. 70 % nemenda upplifa sig sem örugg í skólanum.

81,3 % nemenda segjast vera ánægt með skólaárið.

87,5 % nemenda segjast reyna taka tillit til annarra. 78,1 % nemenda í Brúarskóla upplifa sig vera jákvæða.

Í samanburði við niðurstöður úr síðustu nemendakönnun, vorið 2018, kemur í ljós að nemendur upplifa almennt betri líðan í skólanum en þá var. 38% nemenda leið illa í skólanum í könnuninni 2018, en í nýjum niðurstöðum kemur í ljós að tæp 19% nemenda líður illa eða mjög illa. Í umbótaáætlun skólans var m.a. sett það markmið að bæta líðan nemenda. Þessar niðurstöður sýna að líðan nemenda hefur batnað um helming frá því sem var, sem hlýtur að teljast gott en engu að síður er næg vinna fram undan við að bæta líðan nemenda. Það styður niðurstöðurnar að 70% nemenda upplifa öryggi í skólanum og rúmlega 90% nemenda segjast aldrei eða stundum kvíða því að fara í skólann.

Niðurstöður úr innra mati leiddu einnig í ljós að þörf væri á því að vekja áhuga nemenda á náminu og slíkt fór einnig í umbótaáætlun skólans. Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu sig geta náð árangri í námi og svöruðu rúm 74% nemenda því játandi. Að auki telja tæp 72% sig ráða við námsefnið og þar af leiðandi fá námsefni við hæfi. Það eru því vísbendingar um að nemendur hafi aukinn áhuga á náminu.

Samstarf heimila og skóla

Miklu máli skiptir að traust ríki á milli heimila og skóla og að samstarf sé gott. Í ljós þessi hve mikil nemendavelta er í Brúarskóla og nemendur stoppa stutt við er ekki unnt að halda uppi hefðbundnu foreldrasamstarfi. Lítil virkni hefur náðst í foreldrafélag en fulltrúar foreldra sitja í skólaráði ásamt fulltrúum starfsmanna skólans. Umsjónarkennarar eru í reglulegu sambandi við foreldra og senda upplýsingar heim vikulega. Haldin eru hefðbundin foreldraviðtöl tvisvar

á skólaári auk þess sem stöðumatsfundir eru haldnir um hvern nemanda á um 3-4 mánaða fresti. Foreldrum er boðið á jólaföndur í desember og opið hús reglulega yfir veturinn.

Foreldrum var send rafræn könnun, á vegum Reykjavíkurborgar, á vorönn 2020. Niðurstöður úr könnuninni hafa ekki borist.

Samantekt

Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr innra mati í Brúarskóla skólaárið 2019-2020. Dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta fyrir hvern þátt. Tækifæri til umbóta liggja síðan til grundvallar umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2020-2021.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Styrkleikar

- 83% kennara nota fjölbreyttar aðferðir við kennslu
- 78% kennara einstaklingsmiða kennsluna

Tækifæri til umbóta

- Bæta mætti undirbúning kennslustunda (48% kennara sögðust oftast vera vel undirbúna fyrir kennslu)
- Bæta mætti nýtingu kennslustunda (61% kennara sögðu kennslustundir oftast vel nýttar)

Samstarf við heimaskóla nemenda

Tækifæri til umbóta

- Auka þarf samskipti við heimaskóla nemenda
- Formgera þarf samskipti við heimaskóla nemenda og byggja upp opin og jákvæð samskipti

Ráðgjöf við almenna skóla

Styrkleikar

- Allir skólar sem höfðu fengið ráðgjöf voru mjög ánægðir (40%) eða frekar ánægðir (60%) með ráðgjöfina
- Allir skólar sem höfðu fengið ráðgjöf töldu fundi með ráðgjöfum mjög gagnlega (20%) eða frekar gagnlega (80%)
- Allir skólar sem höfðu fengið ráðgjöf voru mjög ánægðir (50%) eða frekar ánægðir (50%) með eftirfylgd í kjölfar ráðgjafar

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að hvernig má bæta enn frekar árangur af ráðgjöfinni. Aðspurðir um árangur af ráðgjöfinni svöruðu 40% hvorki né og 20% frekar lítill árangur.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Styrkleikar

- Niðurstöður viðhorfskönnunar Reykjavíkurborgar komu vel út (grænar) á þáttunum *starfsánægja* og *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi*

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að vinnuaðstöðu starfsmanna og álagi í starfi (gul einkunn)

Stjórnun skólans

Styrkleikar

- Þátturinn *árangursríkir stjórnunarhættir* koma vel út í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar (græn einkunn)

Tækifæri til umbóta

- 20% starfsmanna segjast vera frekar ósammála eða mjög ósammála að þeir fái hvatningu frá yfirmanni sínum
- 15% starfsmanna eru mjög eða frekar ósammála því að yfirmaður þeirra leysi ágreiningsmál sem koma upp á vinnustaðnum

Skólaþróun og starfsþróun

Styrkleikar

- Í Brúarskóla er þegar unnið vel með ýmsa grunnþætti í Menntastefnu Reykjavíkurborgar, s.s. félagsfærni, læsi og sjálfsefningu

Tækifæri til umbóta

- Halda þarf áfram markvissri innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar

Skólanámskrá og starfsáætlun

Styrkleikar

- Starfsáætlun var tilbúin á tilsettum tíma og birt á heimasíðu

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun og vinnslu skólanámskrár Brúarskóla

Velferð og líðan nemenda

Styrkleikar

- 91% nemenda upplifa aldrei (50%) eða sjaldan (41%) kvíða í tengslum við að mæta í skólann
- 75% nemenda telja að þeir geti náð árangri í bættri hegðun í Brúarskóla
- 93% nemenda upplifa að þeir fái alltaf eða næstum alltaf hjálp við það sem þeir þurfa í Brúarskóla

Tækifæri til umbóta

- 19% nemenda líður illa eða mjög illa í skólanum
- 9% nemenda upplifa kvíða tengt því að mæta í skólann

Samstarf heimila og skóla

Niðurstöður liggja ekki fyrir

Umbótaáætlun 2018-2020

Þeir þættir í umbótaáætlun sem átti að vinna sérstaklega með skólaárið 2019-2020 sneru að starfsánægju, líðan og aðbúnaði á vinnustað, stjórnun skólans og ráðgjöf.

Áætlað var að létta álagi af starfsfólki skólans eins og kostur væri og það viðmið um árangur sett að meðaleinkunn þáttarins *hæfilegt vinnuálag* í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar væri grænt. Það gekk ekki eftir, þátturinn fékk áfram gula einkunn. Þessi þáttur kemur almennt út með gula einkunn hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Ákveðin skref voru þó tekin í átt að því að létta álagi af starfsmönnum, s.s. að starfsfólki býðst að nýta 90 mínútur á viku (miðað við 100% stöðu) til hreyfingar á vinnutíma. Áfram þarf að vinna að því að létta álagi af starfsfólki skólans.

Í umbótaáætlun var miðað að því að allir starfsmenn upplifi að þeir fái hvatningu frá yfirmanni sínum. Áfram þarf að vinna markvisst að þessum þætti þar sem 20% starfsmanna upplifa að þeir fái ekki hvatningu frá yfirmanni sínum.

Stefnt var að því að bæta eftirfylgd með ráðgjöf og það viðmið sett að 90% ráðþega væri ánægðir með ráðgjöfina. Niðurstöður könnunar að vori 2020 sýna að allir skólar sem svöruðu könnuninni voru ánægðir með þá eftirfylgd sem var í kjölfar ráðgjafar frá ráðgjafarsviði.

Skólaárið 2018-2019 miðaði umbótaáætlun að því að sérstaklega væri hugað að velferð og líðan nemenda, annars vegar að bæta líðan nemenda og hins vegar að vekja áhuga þeirra á náminu. Mat á þessum þáttum var ekki markvisst það skólaár og því áætlað að bæta úr því skólaárið 2019-2020. Nemendakönnun var lögð fyrir að vori 2020 og niðurstöður kynntar starfsmönnum á fundi (sjá umfjöllun um niðurstöður nemendakönnunar að framan).

Heimildir

Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur. Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Reykjavík. (2018). Um menntastefnu. Sótt af <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Gögn

Könnun *Sjálfsmat nemenda* lögð fyrir nemendur Vesturhlíð, Brúaseli og Brúarhúsum í maí/júní 2020.

Könnun *Kennsluhættir og gæði kennslu* lögð fyrir kennara Brúarskóla í maí 2020.

Könnun *Samskipti við heimaskóla* lögð fyrir umsjónarkennara í Vesturhlíð, Brúaseli og Brúarhúsum í maí 2020.

Viðhorfskönnun- Ráðgjöf frá Brúarskóla send þeim skólum sem fengu ráðgjöf skólaárið 2019-2020.

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar. Lögð rafrænt fyrir starfsmenn í janúar-febrúar 2020.